



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í GARÐABÆ 4. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016 MIÐVIKUDAGINN 4. OKTÓBER KL.13:15

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

Einn nemandi sækir mat á íþróttum – vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

#### C. Önnur bréf

Tveir nemendur sækja um undanþágu frá 6 einingum í dönsku til stúdentsprófs- staðfest

Einn nemandi sækir um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs - staðfest

Einn nemandi sækir um undanþágu frá 5 einingum í íþróttum til stúdentsprófs – staðfest

Einn nemandi sækir um undanþágu frá íþróttum til stúdentsprófs – staðfest

Einn nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs - staðfest

**Nemandi sækir um að taka stöðupróf í FRAN1gr05 og FRAN1fr05 í stað dönsku**

**Tveir nemendur segja sig úr námi**

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

70 -80 nemendur og 3 kennarar fara í Þórsörk á morgun til föstudags. NFFG hefur áhuga á að kaupa borðtennisborð/poolborð til að hafa fyrir nemendur í skólanum. Verið er að leggja lokahönd á undirbúning FG/Flensborgardagsins. Einnig er undirbúningur fyrir Salsaballið á lokastigi.

### 3. Önnur mál

Lýðræðisvika verður í næstu viku og lýkur henni með svokölluðum Skuggakosningum. Þarna er tækifæri til að efla lýðræðisvitund nemenda og hvetja þau til að nýta sér kosningarétt sinn. Þriðjudaginn 11. okt. verða stutt stefnumót við stjórnmalaflokkana. Tíu stjórnmalaflokkar munu senda fulltrúa sína og fá borð í Urðarbrunni. Nemendur geta sest við það borð sem þeir vilja og rætt við stjórnmalamenn, eftir fimm mínútur er flautað og þá þurfa væntanlegir kjósendur að færa sig um set.

#### Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi

Anna Jeeves fulltrúi kennara

Freymar Örn Ómarsson gjaldkeri NFFG

Guðbjörn Björnsson forseti NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri

Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og

fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi